

# Tillögur Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta hreindýra og ágangssvæði árið 2024

Hálfván H. Helgason og Kristín Ágústsdóttir





## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

<b>Skýrsla nr:</b> NA-230249	<b>Dags:</b> Desember 2023	<b>Dreifing:</b> Opin
<b>Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill):</b> Tillögur Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta hreindýra og ágangssvæði árið 2024	<b>Síðufjöldi:</b>	
	<b>Upplag:</b> aðgengileg á <a href="http://www.na.is">http://www.na.is</a>	
<b>Ljósmynd á forsiðu:</b> Hreindýr í þoku Ljós: Skarphéðinn G. Þórisson	<b>Fjöldi korta:</b> 0	
	<b>Fjöldi viðauka:</b> 0	
<b>Höfundar:</b> Hálfán H. Helgason og Kristín Ágústsdóttir		
<p>Veiðiráðgjöf Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2024 er með töluvert takmarkaðra sniði en undanfarin ár og helgast það af skorti á gögnum um vöxt og viðkomu hreindýrastofnsins árið 2023 í kjölfar banaslyss sem varð við hreindýratalningar í Sauðárhliðum í júní það ár.</p> <p>Tillögur Náttúrustofunnar byggja í grunninn, á kvóta ársins 2023 en eru varfærnar í ljósi þeirrar óvissu sem að skapast hefur. Miðað er við bestu áánlegu upplýsingar og viðmið þau sömu og fyrri ár, þ.e. að þéttleiki dýra fari ekki upp fyrir 1 dýr á km<sup>2</sup> beitarlands og á meðan stofn sé undir þeim mörkum að halda vísitölu stofnvaxtar (λ) sem næst 1 og kynjahlutföllum sem næst 4 törfum á hverjar 6 kýr. Byggt er á gögnum úr vetrartalningu sem framkvæmd var á öllum svæðum í mars og apríl 2023, þó víðast hvar með mjög takmörkuðum árangri, frjósemistalningu dagana 19-22. apríl 2023, á svæðum 1 og 2 og hluta svæða 6-8, auk upplýsinga frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum og Umhverfisstofnun um framgang veiða, fjölda og dreifingu dýra á og eftir veiðitíma. Eins var byggt á eldri gögnum um viðkomu hreindýrastofnsins, þá aðallega þeim gögnum sem kvótasetning síðasta árs byggðist á.</p> <p>Náttúrustofa Austurlands leggur til að veiðikvóti ársins 2024 verði 800 hreindýr; 397 kýr og 403 tarfar sem er 101 dýri eða 11% færri en í fyrra. Miðað við gróflega áætlaðan 4070 dýra vetrarstofn þýðir það 19,6 % veiðiálag sem er nokkuð undir veiðiálagi fyrri ára. Töluverð óvissa er um fjölda og dreifingu dýra á mörgum svæðum og þykir réttara að stíga varlega til jarðar með tilliti til kvóta ársins 2024 og hækka þá kvóta aftur 2025 til samræmis við niðurstöður talninga á komandi misserum.</p> <p>Jafnframt er lagt til að mörk veiði- og ágangssvæða verði óbreytt og að eins og fyrri ár verði veiðitímabil á kýr og tarfa það sama fyrra ár og kúaveiði heimiluð í nóvember á svæðum 8 og 9 og skara megi kúaveiði milli þessara svæða ef þörf þykir. Eins og fyrr er lagt til að kálfar og veturgamlir tarfar verði friðaðir.</p>		
<b>Lykilorð:</b> Veiðikvóti, ágangssvæði, þéttleiki, hreindýrahagar, frjósemi, burður, talningar, nýliðun, aldurs- og kynjasamsetning.	<b>ISSN nr:</b> ISSN 2547-7447 (rafræn útgáfa)	
<b>Yfirlit:</b> KÁ	<b>ISBN nr:</b> ISBN 978-9935-9716-9-2 (rafræn útgáfa)	

## Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Töfluskrá.....	4
Inngangur .....	5
Forsendur veiðikvóta.....	6
Heildarkvóti og fyrirleggjandi gögn.....	6
Veiðisvæði 1.....	8
Veiðisvæði 2.....	9
Veiðisvæði 3.....	9
Veiðisvæði 4.....	10
Veiðisvæði 5.....	10
Veiðisvæði 6.....	10
Veiðisvæði 7.....	11
Veiðisvæði 8.....	11
Veiðisvæði 9.....	12
Þakkir.....	12
Heimildir.....	12

## Myndaskrá

Mynd 1. Þróun kvóta frá 2014-2023, auk tillaga fyrir 2024 eftir svæðum og kynjum. Annual changes of reindeer quotas from 2014 – 2023 and suggested quota for 2024, between areas and males and females. .... 8

## Töfluskrá

Tafla 1. Tillögur Náttúrustofu Austurlands um hreindýraveiðikvóta á hverju veiði- og ágangssvæði (númer innan sviga) 2024 auk kvóta 2023. Einnig er sýnd breyting á milli kvótatillögu og kvóta síðasta árs og áætlað veiðiálag 2024, metið út frá áætluðum fjölda dýra. /Proposed hunting quota for different hunting areas (blue lines - Veiðisvæði) in 2024 (Kvótatillaga 2024), quota in 2023 (Kvóti 2023) and changes between the proposal and last years quota (Breyting 2023 - 2024). The compensation area number is shown in brackets . ♀ = females, ♂ = males. .... 7

## Inngangur

Það hefur verið ljóst um nokkurt skeið að sviplegt og sorglegt fráfall Skarphéðins G. Þórissonar og Fríðu Jóhannesdóttur í sumar myndi marka verklag við ákvörðun hreindýraveiðikvóta ársins 2024.

Undir þeim kringumstæðum var, á sameiginlegum fundi Umhverfisstofnunar (UST), formanns hreindýraráðs og Náttúrustofu Austurlands (NA) 5.október, lögð fram tillaga að verklagi við kvótasetningu fyrir árið 2024. Sú tillaga byggir á að kvótasetning ársins 2024 miði við kvóta ársins 2023 að teknu tilliti til niðurstaða talninga á fyrri hluta árs 2023 og eldri talningagagna, upplýsinga úr veiðiskýrslum frá Umhverfisstofnun og síðast en ekki síst upplýsinga frá leiðsögumönnum með hreindýraveiðum. NA óskaði í kjölfarið eftir samráði og samstarfi við Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH). Stjórn FLH tók beiðni NA vel og var eftirfarandi spurning lögð fyrir reynda félagsmenn innan hvers veiðisvæðis:

***„Með tilliti til reynslu síðasta veiðiárs og þá stefnu að halda óbreyttum kvóta, hvaða breytingar, ef einhverjar, myndir þú leggja til m.t.t. kynjahlutfalla, fjölda og/eða dreifingar hreindýra?“***

Stjórn FLH tók svo í kjölfarið saman þær umsagnir sem bárust frá félagsmönnum og kynnti á samráðs- og vinnufundi með fulltrúum frá NA og UST, 31.október 2023. Viðfangsefni fundarins var að fara yfir þær upplýsingar sem að lágu fyrir og þær athugasemdir og upplýsingar sem borist höfðu frá leiðsögumönnum og Umhverfisstofnun um dreifingu og fjölda dýra á veiðitíma og árangur og áskoranir á veiðitímabilinu árið 2023. Í kjölfar þess fundar var farið yfir þau gögn og umsagnir sem að bárust og gerð tillaga að kvóta ársins 2024. Tillögurnar byggja, sem fyrr segir, í grunninn, á kvóta ársins 2023 en eru varfærnar í ljósi þeirrar óvissu sem að skapast hefur. Miðað er við bestu fánlegu upplýsingar og viðmið þau sömu og fyrri ár:

- Að þéttleiki dýra fari ekki upp fyrir 1 dýr á km<sup>2</sup> beitarlands, sér í lagi ekki á svæðum næst útbreiðslumörkum hreindýra til vesturs, þ.e. á veiðisvæðum 9 og 1.
- Á meðan þéttleiki stofns er undir æskilegum mörkum að halda vísitölu stofnvaxtar ( $\lambda$ ) sem næst 1 þannig að fjöldi haldist sem stöðugastur á milli ára.
- Að kynjahlutföll séu sem næst 4 törfum á hverjar 6 kýr.

Óhjákvæmilegt er að í kjölfar slyssins í Sauðárhliðum verði fyrirkomulag hreindýravöktunar til framtíðar endurskoðað. Kvótasetning ársins 2024 hefur þó verið í forgangi fyrst um sinn. Á næstu mánuðum verður svo hafist handa við að móta verklag og vöktun til lengri tíma og er aðkoma leiðsögumanna þar ómetanleg. Það er ljóst að draga þarf úr þeirri óvissu sem að fyrir hendi er, bæði þeirri óvissu sem skapast hefur í kjölfar slyssins en einnig óvissu um breytingar á fjölda dýra innan ákveðinna svæða, þá aðallega á veiðisvæði 2. Á fundinum með FLH var rædd sú hugmynd að reyna heildartalningu á hreindýrastofninum í mars 2024 og lýsti stjórn FLH sig reiðubúna til að aðstoða við skipulag og framkvæmd slíkrar talningar. Slík talning, ef vel til heppnast gæti veitt mun betri mynd af stærð og dreifingu stofnsins en nú er fyrir hendi. Fleiri þættir um fyrirkomulag vöktunar hafa verið til umræðu og þá sér í lagi uppfærsla stofnlíkans og meiri áhersla á gögn sem safnast með GPS-sendum.

## Forsendur veiðikvóta

### Heildarkvóti og fyrirbyggjandi gögn

Þau gögn sem höfð voru til hliðsjónar við kvótasetningu ársins 2024 voru auk eldri vöktunargagna, niðurstöður vetrartalninga í mars og apríl 2023, frjósemistalninga í apríl 2023, burðartalningar á svæði 1 í maí, samanteknar umsagnir sem bárust til stjórnar FLH og almennt yfirlit um framgang veiða frá Umhverfisstofnun.

Kvóti ársins 2023 samanstóð af 475 kúm og 426 törfum (Tafla 1) alls um 901 dýri og byggði á áætluðum 4065 dýra stofni í byrjun vetrar 2022-2023 og áætluðu 22% veiðiálagi (Skarphéðinn Þórisson o.fl. 2022). Þessi kvóti var umtalsvert minni en árið á undan eða sem nam 12% rýrnun á heildarkvóta ársins 2022. Munaði þar mestu um 82% rýrnun á kvóta á svæði 2. Veiðar árið 2023 gengu almennt vel, 99,6% úthlutaðra dýra voru felld en einungis 4 kýr vantaði upp á kvótann. Þann misbrest er ekki hægt að skrifa á skort á veiðanlegum dýrum heldur á veiðimenn sem ekki nýttu leyfi sín né skiluðu þeim inn tímanlega svo að hægt væri að endurúthluta þeim. Lítil skörun var á veiði-tímabilinu samanborið við fyrri ár, þó skarað hafi verið aðeins milli veiðisvæða 6 og 7 og veiðisvæða 3 og 4.


Kvóti hvers veiðisvæðis er alla jafna ákveðinn út frá áætluðum vetrarstofni hvers árs, þar sem tekið er tillit til viðbúins breytileika í dreifingu, nýliðun og aldurs- og kynjasamsetningu dýra milli svæða og tímabila. Sumar nýliðun og heildarfjöldi kúa fyrir veiðar eru alla jafna mæld í talningum í júlí og frjósemi kúa í apríl á meðan fjöldi og hlutföll tarfa eru metin í fengitíma talningum. Nokkurrar óvissu gætti við kvótasetningu ársins 2023 þar sem takmarkaðar upplýsingar voru um tarfa á fengitíma 2022 en ekki tókst að fá flugvél til talninga. Eins var töluverð óvissa um dreifingu dýra þar sem erfiðlega hafði gegnið að finna dýr á nokkrum svæðum en þá aðallega á og í nágrenni við veiðisvæði 2. Því var stefnt að því að reyna allsherjar talningu að vetrarlagi með hjálp reyndra leiðsögu- og veiðimanna, líkt og gert var veturinn 2014. Tafir urðu þó á að hægt væri að tryggja fjármagn fyrir talninguna en þegar það var tryggt var hafist handa. Hófst talning því nokkuð seinna en til stóð en á tímabilinu 25. mars til 8. apríl var hreindýra leitað víða á Austurlandi og þau talin. Til stóð að telja hluta svæða úr lofti en ekki tókst að fá flugvél í verkið auk þess sem að óhagstæð snjóalög hömluðu talningum víða. Ekki tókst því að fá bætt stofnmat né mynd á dreifingu en þó fengust gögn sem gáfu vísbendingu um fjölda dýra innan nokkurra svæða sem tekið var tillit til við kvótatillögur fyrir árið 2024. Á veiðisvæðum þar sem gögn skortir eru áætlanir um fjölda dýra framreiknaðar með tilliti til veiða 2023 og áætlaðrar nýliðunar. Dagana 19-22.apríl fékkst loks flugvél til talninga og var þá farið í flugtalningar til að mæla hlutföll kelfdra kúa. Leituð voru svæði 1 og 2 en einnig hlutar svæða 6, 7 og 8. Í þeim tilvikum sem það var hægt er tekið tillit til þeirra niðurstaða í kvótatillögum fyrir veiðar 2024.

Engar niðurstöður liggja fyrir úr júlí talningum sem alla jafna gefa sem besta mynd af fjölda kúa og sumarnýliðun kálfa innan hvers veiðisvæðis auk þess sem að árið 2023 er annað árið í röð þar sem ekki er talið á fengitíma og upplýsingar um tarfahlutföll og þ.a.l. fjölda tarfa innan svæða skortir. Það er því ljóst að göt hafa myndast í þær upplýsingar sem að kvótasetning til framtíðar myndi að öllu jöfnu byggja á og er brýnt að koma vöktun stofnþátta í farveg sem fyrst. Að sama skapi er ljóst að ekki verður hægt að halda vöktun óbreyttri og er brýnt að hefja þarf samtal og samvinnu um tilhögun þeirra verkefna sem að við blasa. Vinna við tillögur um kvótasetningu ársins 2024 hafa þó þurft að vera í forgangi og eru þær lagðar fram í nokkuð smættaðri mynd en tíðkast hefur síðast liðin ár. Sem fyrr segir er kvótasetning byggð á takmarkaðri upplýsingum en vanalega og því reynt að stíga varlega til jarðar. **Heildarkvóti ársins 2024 samkvæmt tillögu NA er 800 dýr, 397 kýr og 403 tarfar** sem er samdráttur um 11% af heildarkvóta, 16% af kúakvóta og 5% af tarfakvóta. Rökstuðningur fyrir þessum breytingum er nánar útlistaður hér á eftir fyrir hvert svæði fyrir sig.

Tafla 1. Tillögur Náttúrustofu Austurlands um hreindýraveiðikvóta á hverju veiði- og ágangssvæði (númer innan sviga) 2024 auk kvóta 2023. Einnig er sýnd breyting á milli kvótatillögu og kvóta síðasta árs og áætlað veiðiálag 2024, metið út frá áætluðum fjölda dýra. /Proposed hunting quota for different hunting areas (blue lines - Veiðisvæði) in 2024 (Kvótatillaga 2024), quota in 2023 (Kvóti 2023) and changes between the proposal and last year's quota (Breyting 2023 - 2024). The compensation area number is shown in brackets. ♀= females, ♂= males.

Ágangs- og veiðisvæði	Kvóti 2023			Kvóti 2024			Breyting 2023-'24			Veiðiálag 2024
	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ	
Vopnafjörður og NA (1)	65	70	135	60	59	119	-5	-11	-16	
Jökuld N og Selland (2)	40	36	76	31	28	59	-9	-8	-17	
Jökulsárh. utan Sell (3)	5	4	9	4	3	7	-1	-1	-2	
<b>Veiðisvæði 1</b>	<b>110</b>	<b>110</b>	<b>220</b>	<b>95</b>	<b>90</b>	<b>185</b>	<b>-15</b>	<b>-20</b>	<b>-35</b>	<b>0,22</b>
Jökuldalur A (2)	2	2	4	2	2	4	0	0	0	
Hróarstunga (4)	1	1	2	1	1	2	0	0	0	
Fell (5)	2	2	4	2	2	4	0	0	0	
Fljótsdalur (6)	5	5	10	5	5	10	0	0	0	
Vellir V (10)	2	2	4	2	2	4	0	0	0	
Skriðdalur V (11)	3	3	6	3	3	6	0	0	0	
<b>Veiðisvæði 2</b>	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>30</b>	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>30</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0,06</b>
Hjaltastaðapinghá (8)*	1	3	4	1	3	4	0	0	0	
Eiðapinghá (9)*	1	3	4	1	3	4	0	0	0	
Borgarfjörður (7)	48	50	98	38	44	82	-10	-6	-16	
<b>Veiðisvæði 3</b>	<b>50</b>	<b>56</b>	<b>106</b>	<b>40</b>	<b>50</b>	<b>90</b>	<b>-10</b>	<b>-6</b>	<b>-16</b>	<b>0,23</b>
Vellir A (10)	6	2	8	6	1	7	0	-1	-1	
Seyðisfjörður, Mjóifj N (12)	26	6	32	19	3	22	-7	-3	-10	
Mjóifjörður S (13)	20	10	30	10	5	15	-10	-5	-15	
<b>Veiðisvæði 4</b>	<b>52</b>	<b>18</b>	<b>70</b>	<b>35</b>	<b>9</b>	<b>44</b>	<b>-17</b>	<b>-9</b>	<b>-26</b>	<b>0,15</b>
Reyðarfjörður (14)	9	8	17	4	9	13	-5	1	-4	
Eski- og Norðfj (13)	38	31	69	31	36	67	-7	5	-2	
<b>Veiðisvæði 5</b>	<b>47</b>	<b>39</b>	<b>86</b>	<b>35</b>	<b>45</b>	<b>80</b>	<b>-12</b>	<b>6</b>	<b>-6</b>	<b>0,27</b>
Skriðdalur A (11)	10	19	29	10	23	33	0	4	4	
Breiðdalur (15)	13	21	34	10	25	35	-3	4	1	
Stöðvar-/Fáskrúðsfj. (15)	10	24	34	5	32	37	-5	8	3	
<b>Veiðisvæði 6</b>	<b>33</b>	<b>64</b>	<b>97</b>	<b>25</b>	<b>80</b>	<b>105</b>	<b>-8</b>	<b>16</b>	<b>8</b>	<b>0,26</b>
Djúpivogur (16)	114	70	184	110	65	175	-4	-5	-9	
<b>Veiðisvæði 7</b>	<b>114</b>	<b>70</b>	<b>184</b>	<b>110</b>	<b>65</b>	<b>175</b>	<b>-4</b>	<b>-5</b>	<b>-9</b>	<b>0,19</b>
Hornafj. bær (Lón) (17)	12	12	24	8	12	20	-4	0	-4	
Hornafj. bær (Nes) (18)	10	10	20	7	10	17	-3	0	-3	
<b>Veiðisvæði 8</b>	<b>22</b>	<b>22</b>	<b>44</b>	<b>15</b>	<b>22</b>	<b>37</b>	<b>-7</b>	<b>0</b>	<b>-7</b>	<b>0,21</b>
Hornafj. bær (Mýrar) (19)	12	7	19	9	7	16	-3	0	-3	
Hornafj. (Suðursveit) (19)	20	25	45	18	20	38	-2	-5	-7	
<b>Veiðisvæði 9</b>	<b>32</b>	<b>32</b>	<b>64</b>	<b>27</b>	<b>27</b>	<b>54</b>	<b>-5</b>	<b>-5</b>	<b>-10</b>	<b>0,27</b>
<b>Samtals</b>	<b>475</b>	<b>426</b>	<b>901</b>	<b>397</b>	<b>403</b>	<b>800</b>	<b>-78</b>	<b>-23</b>	<b>-101</b>	<b>0,20</b>

## Þróun kvóta á veiðisvæði 2014-2024



Mynd 1. Þróun kvóta frá 2014-2023, auk tillaga fyrir 2024 eftir svæðum og kynjum. Annual changes of reindeer quotas from 2014 – 2023 and suggested quota for 2024, between areas and males and females.

### Veiðisvæði 1

Kvóti ársins 2023 var 110 kýr og 110 tarfar, 30 dýrum hærrí en árið 2022, þrátt fyrir að heildarkvóti hafi dregist saman milli 2022 og 2023 (Mynd 1). Sá samdráttur var þó í kjölfar líklegar vanáætlunar á stofnstærð fyrir veiðitímabilið 2021 (Skarphéðinn G. Þórisson o.fl. 2022). Þau gögn sem fyrir liggja fyrir árið 2023 eru vetrartalningar í mars, frjósemistalningar frá apríl og burðartalningar frá maí sem nýtast takmarkað við kvótasetningu og hvorug talningin getur bætt upp fyrir skort á sumartalningu 2023 eða fengitímatalningar síðustu tveggja ára. Hlutföll kelfdra kúa í apríl 2023 voru þó ívið hærrí en 2022 á svæði 1, eða 89 % samanborið við 76%. Þar verður þó að hafa hugfast að frjósemistalning á svæði 1 árið 2022 tókst illa. Þegar talið var sumarið 2022 fundust 789 dýr, þar af 44 fullorðnir tarfar en að viðbættri hlutfallslegri leiðréttingu fyrir tarfa fjölda miðað við fengitímatalningar 2021 og frádregin aflu 2022 er viðbúið að um 900 dýr hafi verið á svæðinu veturinn 2022-2023. Nýliðun var metin sem hlutfall kálfa (borinna árið 2022) í frjósemistalningu í apríl 2023, en hlutfall þeirra var 0,68 kálfar á hverja kú á svæði 1. Stofnstærð að hausti 2024 fyrir veiðar er því áætluð út frá stofnstærð eftir veiðar 2022, viðbúinni náttúrulegri dánartíðni (0,02 fyrir kýr og 0,15 fyrir tarfa), nýliðun og veiðitölum frá 2023 um 850 dýr.

Þeir félagsmenn FLH sem svöruðu beiðni um upplýsingar, töldu kvóta ársins 2023 á svæði 1 hafa verið háan eða „í efri mörkum“. Einn svarenda taldi stofninn á svæði 1 ekki telja meira en 500 dýr, þar af



100 inn á Brúardölum en rökstuddi það ekki frekar. Líklega er það umtalsvert vanmat en illa hefur gengið að telja svæði 1 undanfarin ár. Þó er talið að talningar sumarið 2022 séu áreiðanlegar og ekkert bendir til þess að stórar breytingar hafi átt sér stað á stærð eða dreifingu hópa innan svæðis milli 2022 og 2023. Með tilliti til athugasemda frá leiðsögumönnum lagði því stjórn FLH til að dregið yrði úr kvóta sem næmi 20 törfum en kúa kvóti héldist sá sami. Fulltrúar NA og UST á fundinum féllust á rök leiðsögumanna og var því lagt til að kvóti ársins 2024 yrði 110 kýr og 90 tarfar eða alls 200 dýr. **Við nánari skoðun á fyrirbyggjandi gögnum leggur Náttúrustofa Austurlands það til að draga einnig úr kúakvóta um 15 kýr og að kvótinn verði því 95 kýr og 90 tarfar, alls 185 dýr. Þannig ætti vísitala stofnvaxtar ( $\lambda$ ) að vera nærri 1.**

## **Veiðisvæði 2**

Kvóti ársins 2023 á svæði 2 var 30 dýr, 15 kýr og 15 tarfar. Í sumartalningu 2022 fundust aðeins 374 dýr á veiðisvæði 2 sem þýddi þá rúmlega helmingss fækkun frá fyrra ári. Í ljósi stöðugrar fækkunar síðan árið 2017 þegar tæp 2000 dýr töldust innan svæðisins. Líklegasta skýringin á þessari fækkun er útflutningur út af svæðinu og yfir á svæði 1, 6, 7 og 8. Illa hefur þó gegnið að staðfesta slíkan flutning milli svæða og mistókust tilraunir til að telja á svæðum 6-8 sumarið 2022. Með tilliti til fækkunar á svæði 2 var dregið mjög úr kvóta á milli árána 2022 og 2023, úr 170 dýrum niður í 30 en árið 2022 þurfti að skara 121 leyfi yfir á önnur svæði til að hægt væri að veiði upp í heildarkvóta ársins.

Í vetrartalningum í lok mars og byrjun apríl fundust 354 dýr, fæst voru kyn eða aldursgreind en af þeim sem greind voru, voru 139 fullorðnir tarfar. Í frjósemistalningum 20. apríl 2023 fundust 125 dýr á svæði 2 en lítil skörun var talin við hópa sem fundust í vetrartalningu. Af þeim 125 dýrum sem að fundust voru 62 kýr og voru 58 eða 87% taldar kelfdar. Þessum 62 kúm fylgdu 49 kálfar frá fyrra ári eða 0,63 kálfar á kú. Stofnstærð veturinn 2022-2023 var áætluð 455 dýr miðað við mjög takmarkaðar veiðar og þar sem ekkert bendir til að frjósemi eða nýliðun hafi brugðist má gera ráð fyrir að dýrum ætti að fjölga á svæðinu, nema að til komi áframhaldandi brottflutningur. Að framangreindum forsendum er búist við að stofnstærð fyrir veiðar 2024 gæti verið um 550 dýr en mikil óvissa er þó um það mat í ljósi þess hve illa hefur gengið að finna dýr og telja á svæðinu.

Þeir leiðsögumenn sem gáfu álit sitt töldu best fara á því að halda sama kvóta og árið 2023 töldu að áframhaldandi takmarkana væri þörf og því samhljómur um að ekki mætti fjölga leyfum á svæðinu. Fulltrúar NA og UST tóku í sama streng og er **því lagt upp með að leyfa veiðar á 15 kúm og 15 törfum, alls 30 dýrum á svæði 2 árið 2024 en þung áhersla er lögð á að bæta stofnmat sem allra fyrst.**

## **Veiðisvæði 3**

Árið 2023 var hreindýrkvóti á svæði 3, 50 kýr og 56 tarfar eða 106 dýr alls, sem að var eilítið hærra en árin á undan. Þá var reiknað með að vetrastofn á svæði 3 hefði verið um 400 dýr. Þar af 50 dýr sem áður flokkuðust með veiðisvæði 2 en fluttust yfir á svæði 3 þegar ágangssvæði 8 (Hjaltastaða-þinghá) og 9 (Eiðapínghá) voru færð yfir á veiðisvæði 3 í arðsútreikningum (áætlaður vetrarfjöldi og kvóti).

Þar sem megnið af dýrunum í Hjaltastaða- og Eiðapínghá eru talin tilheyra Borgarfjarðardýrunum var samþykkt að hreindýr á þessum ágangssvæðum yrðu frá og með veiðitímabilinu 2023 flokkuð með Borgarfjarðardýrunum hvað varðar áætlaðan vetrarfjölda og kvótatillögu. Fjöldi dýra innan þessara ágangssvæða hefur verið breytilegur á milli ára en oftast um 20-30 tarfar á sumrin á hvoru svæði. Blandaðir hópar eru síðan árvissir á vetrum einkum í Eiðapínghá. Líklega er töluverður samgangur á milli veiðisvæða 3 og 4 sem getur haft áhrif á áætlaðan vetrarfjölda á svæðunum. Ekki var reynt að meta frjósemi kúa á svæði 3 með talningu í apríl og fá dýr fundust í vetrartalningum sem tókust illa. Einungis fundust 125 dýr, þ.a. 82 fullorðnir tarfar og 41 ógreint dýr en viðbúin stofnstærð var og er um 400 dýr.

Engar frekari upplýsingar liggja fyrir úr talningum á svæði 3 og er því á litlu öðru að byggja en upplýsingum frá leiðsögumönnum með hreindýraveiðum. Þeir leiðsögumenn sem svöruðu töldu kvóta beggja kynja óþarflega háan og álitu jafnvel að lítið hafi verið orðið eftir af fullorðnum dýrum af báðum kynjum í lok veiðitímabils 2023. Tillaga stjórnar FLH var því að draga úr kvóta um 10 kýr og 6 tarfa fyrir árið 2024. Fulltrúar NA og UST voru samþykkt tillögu stjórnar FLH en bæta þarf og uppfæra stofnmat á svæðinu. **Því er lagt til að kvóti á svæði 3 árið 2024 verði 40 kýr og 50 tarfar eða 90 dýr alls.**

#### **Veiðisvæði 4**

Kvóti ársins 2023 á svæði 4, samanstóð af 52 kúm og 18 törfum alls 70 dýrum, en það er mesti kvóti sem gefinn hefur verið út á svæðinu. Engar frjósemistalningar liggja fyrir frá árinu 2023 á svæði 4 og vetrartalning tókst illa, en fátt bendir til þess að miklar breytingar hafi átt sér þar stað. Þó fundust hræ 12 hreindýra, 6 tarfa, 5 kúa og 1 ógreinds dýrs árið 2023 á svæði 4, flest frá mars fram í maí og öll í Seyðisfirði, utan eins í Mjóafirði. Samkvæmt athugunum og skráningum Skarphéðins Þórissonar er líklegt að þau hafi öll drepist á svipuðum tíma, í lok mars 2023. Að minnsta kosti eitt hafði hrapað og fótbrotnað en sennilega hafa hin fallið vegna erfiðra snjóalaga sem kann að hafa takmarkað aðgengi að fæðu. Leggir þeirra hræja sem voru skoðuð á Seyðisfirði sumarið 2023 voru allir án mergs sem að bendir til þess að dýrin hafi verið í lélegu ástandi. Sem fyrr segir gekk vetrartalning á svæði 4 illa en alls fengust upplýsingar um 141 dýr af áætluðum 300 dýra vetrarstofni.

Þær umsagnir sem bárust til stjórnar FLH voru allar til lækkunar. Lítið var sagt af kúm á svæðinu í haust nema helst í Seyðisfirði. Töldu leiðsögumenn að hjörðin sunnan megin í Mjóafirði væri orðin lítil og þyldi ekki mikið veiðialag en sá hópur flakkar að hluta eða öllu leyti á milli veiðisvæða 4 og 5 á veiðitíma. Eins bentu leiðsögumenn á að fáir fullorðnir tarfar hefðu fundist innan veiðisvæðis 4 á veiðitíma. Tillaga stjórnar FLH var því að fækka leyfum niður í 35 kýr og 9 tarfa og féllust fulltrúar NA og UST á þau sjónarmið sem fram komu en tóku einnig tillit til þess að mögulega hafi fleiri dýr fallið á svæðinu veturinn 2023 en fundust og hafi það frekar stafað af óvenjulegum aðstæðum en að þéttleiki dýra hafi verið orðinn of hár. **Því er lagt til að kvóti á svæði 4 árið 2024 verði 35 kýr og 9 tarfar eða 44 dýr alls.**

#### **Veiðisvæði 5**

Á veiðisvæði 5 var kvóti 2023, 47 kýr og 39 tarfar eða alls 86 dýr, en dregið var úr kvóta á svæðinu milli 2022 og 2023. Engin talningagögn eru til af svæði 5 fyrir árið 2023. Vetrarstofn á veiðisvæði 5 sem inniheldur, eins og fyrr segir, einnig dýr sem ganga að hluta á svæði 4 á veiðitíma, var áætlaður við lok veiðitímabils 2022 um 350 dýr eða 50 færri en árið á undan. Í lok veiðitíma 2023 töldu leiðsögumenn að 200-250 dýr gengju á Gerpissvæðinu auk u.þ.b. 70 dýra á Eskifjarðarheiði sem eru þá hluti Reykjahjarðarinnar af svæði 4. Það kann því að vera að fækkað hafi áfram í hjörðinni úr 350 dýrum, jafnvel niður fyrir 300 dýr. Við kvótasetningu ársins 2024 er því miðað við 300 dýra vetrarstofn.

Þær umsagnir sem bárust voru til lækkunar á kvóta næsta árs. Kom þar fram álit leiðsögumanna að fjöldi dýra á svæðinu hefði dregist saman og að hlífa þyrfti kúnum. Af þeim dýrum sem voru á Gerpissvæðinu í lok veiðitíma var nokkuð hátt hlutfall fullorðinna tarfa og var því lagt til að tarfa kvóti héldi sér í 39 törfum en að kúaleyfum yrði fækkað um 12, niður í 35. Fulltrúar NA og UST tóku undir þau sjónarmið en við frekari skoðun á eldri talningagögnum, samsetningu kvóta fyrra ára er líklegt að tarfahlutfall sé nokkuð hátt. **Því er lagt til að draga úr kúaleyfum en fjölga tarfaleyfum lítillaga á svæði 5 þannig að kvóti á veiðisvæði 5 árið 2024 verði því 35 kýr og 45 tarfar eða 80 dýr alls.**

#### **Veiðisvæði 6**

Á svæði 6 var veiðikvóti ársins 2023 var 33 kýr og 64 tarfar. Tarfahlutfall á svæðinu mældist mjög hátt á fengitíma 2022 og var því tarfakvóti hækkaður frá árinu áður en tarfakvóti hefur verið hærrí en

kúakvóti síðan 2021. Í vetrartalningu fundust 147 dýr í Fáskrúðsfirði, 161 í Breiðdal, 135 í Skriðdal og stuttu seinna í frjósemisflugi fundust 57 dýr til viðbótar í Krossdal. Þannig fundust samtals 549 dýr á svæði 6 þar sem áætlaður vetrarstofn var um 400 dýr. Einungis hluti svæðis 6 var leitaður í frjósemis-  
talningu 2022 og upplýsingar um frjósemi og nýliðun þannig takmörkuð. Ekkert bendir til þess að fjöldi á svæðinu á veiðitíma hafi breyst mikið milli ára en upplýsingar sem að bárust á veiðitíma benda þó til þess að tarfahlutfall sé enn mjög hátt.

Í umsögnum sem bárust FLH var nefnt að kúastofninn væri ekki stór og hætt við að sótt væri of mikið í kýrnar í Fáskrúðsfirðinum og sem fyrr segir að tarfahlutfall væri enn of hátt. Leiðsögumenn sáu mikið af tveggja vetra törfum og þó nokkuð af fullorðnum törfum. Tillagan sem rædd var snéri því að draga þyrfti úr veiðum á kúm, ekki síst vegna óvissu um fjölda á svæðinu en jafnvel að fjölga tarfa-  
leyfum umfram það sem veitt var síðasta haust. **Tillaga um kvóta ársins 2024 á svæði 6 hljóðar því upp á 25 kýr og 80 tarfa eða alls 105 dýr.**

### **Veiðisvæði 7**

Kvóti ársins 2023 á veiðisvæði 7 var 114 kýr og 70 tarfar sem var mjög svipaður kvóti og árið á undan sem hafði þó farið nokkuð jafnt minnkandi síðan 2015 þegar veidd voru 450 dýr á svæðinu. Þó að sumartalning 2022 hafi ekki gengið sem skyldi og stofnstærð nokkrum vafa undirorpin var, við kvótasetningu 2023, reiknað með að dýr sem ekki höfðu skilað sér inn á svæði 2 og 6 væru að hluta á svæði 7. Því var áætlun um vetrarfjölda hækkuð nokkuð eða úr 800 í 900 veturinn 2022-2023. Við frjósemistalningar á svæðinu í apríl 2023 fundust 389 dýr, þar af 230 kýr og var frjósemishlutfall metið út frá hornafari 84%. Alls fylgdu 120 kálfar (bornir 2022) þessum kúm og nýliðun því metin um 0,52 kálfar/kú. Stuttu fyrir frjósemisflugið höfðu 327 dýr verið talin á svæðinu í vetrartalningu og talið ólíklegt er að mikil skörun hafi átt sér stað milli talinna hópa og því hafi að fundist hafi 690 dýr af áætluðum 900 dýra vetrarstofni. Sem fyrr segir geta talningar í apríl ekki komið í stað sumar- og fengitímatalninga og ekki hefur tekist að staðfesta flutning dýranna á milli svæða. Það er þó ekkert sem bendir til þess að þær forsendur sem byggt var á við kvótasetningu 2023 eða fjöldi dýra hafi breyst mikið á milli ára auk þess sem að frjósemi og nýliðun mælast nokkuð nærri viðbúnum meðalgildum.

Þær umsagnir sem bárust frá leiðsögumönnum voru einnig á þann veg að kúastofninn bæri sama kvóta og 2023. Þó var bent á það að lítið hefði sést til fullorðinna tarfa á svæðinu og því mætti draga úr tarfakvóta á svæðinu. Ekki þótti þó ráðlegt að draga of mikið úr tarfakvóta til að skekkja ekki kynjahlutföll um of innan svæðis og var því **lokatallega um kvóta ársins 2024 mjög svipuð kvóta ársins 2023, 110 kýr og 65 tarfar eða alls 175 dýr.**

### **Veiðisvæði 8**

Kvóti ársins 2023 á veiðisvæði 8 samanstóð af 22 kúm og 22 törfum en kvóti á svæðinu hefur farið hægt og bitandi niður á við síðan 2017 þegar leyfð var veiði á 120 dýrum á svæðinu. Leitað var á hluta svæðis 8 í frjósemistalningu og fundust 24 dýr sem að bættust þau við 135 dýr sem fundist höfðu stuttu áður í vetrartalningu en við kvótasetningu 2023 var miðað við að vetrarstofn á svæðinu myndi vera um 180 dýr eftir veiðar. Það viðmið var byggt á sumartalningu 2022 og var nokkrum vafa undirorpið þar sem að telja má líklegt að dýr sem koma fram í sumartalningum gangi að stóru leiti á svæði 7 á veiðitíma. Vegna óvissu um talningar og dreifingu dýranna á veiðitíma var dregið úr kvóta milli árána 2022 og 2023. Talningar í mars og apríl 2023 styðja við að sú stofnstærð sem miðað var við, við kvótasetningu 2023 hafi verið nærri lagi og ólíklegt er að stofnstærð eða dreifing dýra hafi breyst mikið milli ára þrátt fyrir hlutfallslega hátt veiðiálag.

Í umsögnum þeirra leiðsögumanna sem sendu svör til FLH var samhljómur um að ástand kúastofnsins væri slæmt og lagt var til að minnka kúakvótann og leggja alveg af nóvemberveiði. Eins væri fjöldi fullorðinna tarfa lítil. Menn voru sammála um að ekki væri hægt að stækka tarfakvótann, heldur frekar minnka hann. Tillaga stjórnar FLH var að kvótinn yrði 10 kýr og 10 tarfar og nóvemberveiðum

yrði hætt. Fulltrúar NA á fundinum tóku ekki afstöðu til tillögu um að nóvemberveiðum verði hætt en hvöttu þó til að á meðan óvissa er um fjölda og dreifingu dýra verði farið varlega í of umfangsmiklar breytingar. Í umsögn sem barst NA frá leiðsögumanni á svæðinu sem að náði ekki að skila inn umsögn til FLH í tíma fyrir fundinn, taldi hann að rétt væri að draga úr kúakvóta en taldi varhugavert að draga úr tarfakvóta á svæðinu. **Miðað við niðurstöður talninga fyrri hluta árs 2023 eru vísbendingar um að tarfahlutföll séu orðin of há og er því lagt til að kvóti á veiðisvæði 8, árið 2024 verði 15 kýr og 22 tarfar.**

### **Veiðisvæði 9**

Á veiðisvæði 9 var kvóti ársins 2023, 32 kýr og 32 tarfar og var svo hár kvóti settur til að halda háu veiðiálagi á dýrin í Suðursveit. Byggði sú tala á talningum á veiðisvæði 9 í apríl 2022 en þá fundust 162 dýr á svæðinu. Út frá því var áætlað að stofn á veiðitíma væri að lágmarki 200 dýr vitað var um hóp sem fannst ekki á svæðinu. Eins þurfti kvóti á svæði að taka mið af því að fækka dýrum í Suðursveit til að draga úr líkum þess að dýrin færu vestur í Örnefi auk þess sem að borið hefur á áhyggjum af skemmdum sem hreindýr valda á viðkvæmum gróðri á sandinum með krafstri. Áætlað var því að eftir veiðar 2023 yrði vetrarstofn um 180 dýr en lagt til sú tala skyldi endurskoðuð eftir nóvemberveiðar. Ekki var farið um svæði 9 í frjósemismælingum en í vetrartalningu í mars 2023 fundust um 190 dýr á svæðinu og vitað var um GPS merкта kú sem ekki kom fram í talningu og hún hefur líklega fylgt hóp.

Ein umsögn barst stjórn FLH fyrir svæði 9. Þeirri umsögn fylgdu niðurstöður talningar sem gerð var á svæðinu frá Jökulsá á Breiðamerkursandi, austur að Hornafjarðaflijóti í seinni hluta október. Alls töldust 186 dýr á umræddu svæði sem ekki voru greind nánar til kyns og aldurs. Tillaga FLH var að minnka kvótann niður í 20 kýr og 20 tarfa og leggja af nóvemberveiði. Aftur tóku fulltrúar NA á fundinum ekki afstöðu til tillögu um að nóvemberveiðum yrði hætt en hvöttu að sama skapi til að á meðan óvissa er um fjölda og dreifingu dýra verði farið varlega í of umfangsmiklar breytingar. Miðað við niðurstöður talninga fyrri hluta árs 2023 og upplýsingar um fjölda á svæðinu eftir veiðar er ekki líklegt að dýrum hafi fækkað mikið á svæðinu þrátt fyrir hátt veiðiálag. Þar sem að um ræðir þynningasvæði þarf samt sem áður að halda veiðiálagi nokkuð háu og **er því lagt til að kvóti á veiðisvæði 9, árið 2024 verði 27 kýr og 27 tarfar sem gróflega áætlað ætti að halda vísitölu stofnvaxtar nærri 1.**

### **Þakkir**

Náttúrustofa Austurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands þakkar öllum þeim leiðsögumönnum og hreindýrahugafólki sem veittu upplýsingar um fjölda og dreifingu hreindýra árið 2023. Jóni Hávarði Jónssyni og Jónasi Hafþóri Jónssyni í stjórn Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Rán Þórarinsdóttur hjá Náttúrustofu Norðausturlands og Jóhanni G. Gunnarssyni eru færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

### **Heimildir**

Skarphéðinn G. Þórisson, Rán Þórarinsdóttir og Fríða Jóhannesdóttir (2022). Vöktun hreindýra 2022 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2023. NA-220236 Egilsstaðir. Náttúrustofa Austurlands. 83 bls.

# NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Bakkavegi 5 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Netfang: na@na.is  
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • www.na.is